



## Rýni 2010 - dagskrá

### Þýskaland Dresden 2. – 7. september

Frá árinu 1998 hefur Tæknifræðingafélag Íslands skipulagt árlegar námsferðir erlendis fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Ferðir þessa hafa verið afar vinsælar og færri komist að en viljað í nokkrar ferðir. Í ár er ferðinni heitið til Þýskalands, nánar tiltekið til Dresden þar sem gist verður í fimm nætur. Gert er ráð fyrir allt að 60 þátttakendum í ferðina.

#### Fimmtudagur 2. september 2010

Flug frá Keflavík (KEF) með Icelandair kl. 16:20. Lent í Berlín Schönefeld (SXF) kl. 21:35.

Rúta frá flugvelli að hóteli QF í hjarta Dresdenar. Komutími áætlaður kl. 00:30.

**QF – Hotel am Neumarkt 1, 01067 Dresden. Tel.:0351-563309-0**

#### Föstudagur 3. september 2010

Morgunverður kl 8:30

**Kl. 09:45 - 12:00 Skoðunar- og kynnisferð I - Die Gläserne Manufaktur**

sem byggt er af VW- verksmiðjunum og tekin var í notkun í lok árs 2001 hefur verið lýst sem nýstárlegri tengingu milli arkitektúrs og iðnaðarframleiðslu.

*Hádegishlé*

**Kl. 13:45 - 16:00 Skoðunar og kynnisferð II - Brýrnar þrjár**

Dresden liggur á bökkum Elbe og eru borgarhlutarnir tengdir með a.m.k. þremur merkum brúm: **Blaues Wunder** er næst elsta Dresdenerbrúin yfir Elbe en 2007 var brúin útnefnd sem „Sögulegt minnismerki verkfræðilegrar byggingarlistar í Þýskalandi“. **Augustusbrücke** er “central” brúin sem tengir saman “Altstadt” og “Neustadt”. **Waldschlößchenbrücke** er í smíðum og á m.a. að létta af umferðarþunganum á Blaues Wunder.

**Kvöldið er frjálst** en þeir sem vilja hittast kl 19:00 í andyri hótelsins.

**Kl. 19:00** Gengið með *Frauenkirchen* eftir *Münzgasse* stystu leið upp á *Brühlsche Terrasse*. Njótum útsýnisins og bíðum næturhúmsins.

Hópurinn á pantað borð **I. 20:00** á *Radeberger Spezialausshank* sem er áhugaverð lítil krá með góðum bjór.

#### Laugardagur 4. september 2010

Kl. 8:15 Morgunmatur – góð undirstaða fyrir daginn.

**Kl. 9:00** stundvíslega. **Skoðunar- og kynnisferð III.** Ferðin hefst með kynningu og spjalli í sal á QF-hótelinu.

Annars vegar á verkfræðistofunni “**Erfurth + Partner**” og hinsvegar á “**Ingenieurkammer**” (Félag verkfræðinga og tæknifræðinga í Sachsen).

**Kl. 10:00 Gönguferð frá hóteli.** Kynning á skipulagi og uppbyggingu miðbæjarins og verkum sem “Erfurth+Partner” hafa komið að í nágrenninu eins og Albertinum, Coselpalais, Hotel Saxe, Tiefgarage og Kongresszentrum Dresden.

(Stefnan sett á **Altmarkt** og þaðan farið um *A. dl. Kreuzstraße*. Augum gjóað á nýja ráðhúsið en síðan haldið um *Weißgasse* og *Kleine Kirchgasse* að **Frúarkirkju**).

Skoðunar- og kynnisferðinni lýkur milli kl. 12:00 og 13:00

**Kl. 13:00** farið frá **Palais Cosel** um *G. Treu Platz* upp á *Brülsche Terrasse*. Lítum svolítið í kringum okkur og höldum sem leið liggur inn á *Schlossplatz* og áfram inn á *Theaterplatz*.

**Kl. 13:30** fara þeir sem vilja inn í **Semperóperuna** ef hún er opin. Frá *Semper* er ferðinni heitið í **Zwinger**. *Rüstkammer, Gemäldegalerie Alte Meister...* ýmislegt að sjá.

**Kl. 14:30** er ferðinni heitið frá "Information" yfir **Augustusbrügge** og augum gjóað á **Goldener Reiter** síðan áfram eftir *Hauptstrasse til Albertsplatz* og í (*Katharinenstrasse*) **Kunsthof-passage**. Fótfrair gætu brugðið undir sig betri fætinum og skotist í "**Pfunds Molkerei**" í *Bautzner Straße* á leiðinni heim (3,5 km).

## Laugardagskvöld

**Kl. 18:00** er farið í **Sophienkeller** í nágrenni hótelsins, *sameiginlegur kvöldverður*.

## Sunnudagur 5. september 2010

**Kl. 8:50** morgunverður.

### Valkostur I

**Kl. 10:00** Safnarölt gengið frá hóteli á nokkur tæknisöfn og byrjað í **Verkehrsmuseum**

### Valkostur II

**Kl. 9:00** Brottför með rútu og stefnan tekin í áttina til **Sächsische Schweiz**

Leiðsögumaður: Hvert hann leiðir okkur er ekki vitað en þarna er fjölbreytt náttúra og byggingar. Ekki er ólíklegt að **Basteibrücke** og **Festung Königstein** verði á vegi okkar.

**Kl. 16:00** Komum við til **Schloss Pillnitz**. Hér gefst tími til að röлта um garðinn og líta inn í höllina í samræmi við tillögur leiðsögumansins eða eigin hugdettur.

**Kl. 16:45** Brottför með gufuskipi til Dresden – *Augustusbrügge* – við *Terrassenufer* **kl. 18:00**.

Á leiðinni heim má t.d. röлта framhjá Moritzmounument og Synagoge með viðkomu í Wettiner keller eða í Bierhaus Dampfschiff. Einnig gæti einhverjum dottið hug að fara styðstu leið í Radeberger Spezialaussank.

## Mánudagur 6. september 2010

Morgunverður kl 8:30

**Kl. 09:45 - 12:00** **Skoðunar- og kynnisferð IV - Heimsókn til HTW**

**Hochschule für Technik und Wirtschaft** býður upp á fjölbreyttar námslínur í tæknifræði og framhaldsnámi til að ljúka verkfræðiprófi. Skólinn og námsframboð kynnt og rannsóknar- og nýsköpunarverkefni.

### Hádegishlé

**Kl. 13:45 - 16:00** **Skoðunar og kynnisferð V - ferð til Chemitz** og heimsókn í vísindagarðana "**Smart System Campus**". Vísindagarðarnir voru settir á fót 2008 og þar eru þegar yfir 40 fyrirtæki á sviði

Microsystemtechnik og Nanotechnologie. Stærsti hluti framleiðslunnar er fyrir bílaiðnaðinn. Í Chemnitz eru um 750 fyrirtæki sem tengjast þessum iðnaði.

**Kvöldið er frjálst** en þeir sem vilja hittast kl 19:00 í andyri hótelsins.

## Þriðjudagur 7. september

Morgunverður síðan rúta frá hóteli QF.

**Skoðunar- og kynnisferð VI** á leiðinni heim verður komið við í **Meißen og Lübbenau í Spreewald**  
Vegalengd 200 km þegar farið er um Meißen. Rúmlega tveggja tíma akstur, tvö stöpp.  
Frá Berlín Schönefeld (SXF) kl. 22:30  
Lent í Keflavík (KEF) kl. 23:55

## Minnisatriði

**QF – Hotel** am Neumarkt 1, 01067 Dresden.

Tel.:0351-563309-0 ; [www.qf-hotel.de](http://www.qf-hotel.de)

### **Radeberger Spezialausshank á**

*Brühlsche Terrasse - Tel. 00 49 - (0)351 4 84 86 60.*

Dresden Werbung und Tourismus GmbH

Ostra Alle 11 - 01067 Dresden Tel. 00 49 49 19 21 14

### **Opnunartími verslana:**

Mánudaga til föstudaga opið frá 9:00 eða 10:00 til 18:00 eða 20:00

Sumir loka í hádeginu á milli 13:00 og 15:00

Laugardaga er opið frá 9:00 eða 10:00 til 14:00 eða 16:00

Apótek eru opin frá 8:00 til 18:00

Bankar eru opnir frá 8:30 til 16:

## Athyglisverðir tenglar

<http://www.dresden.de>

<http://www.qf-hotel.de>

<http://www.frauenkirche.de>

<http://www.glaesernemanufaktur.de>

[www.dresden.de](http://www.dresden.de)

<http://web2.cylex.de/firma-homepage/http%3A//www.eplusp.de-5206983.html>

[www.dresden.de](http://www.dresden.de)

<http://www.htw-dresden.de/hs/index.html>

[http://www.chemnitz.de/chemnitz/de/wirtschaft\\_und\\_wissenschaft/technologie\\_und\\_forschung/smart\\_system\\_campus.asp](http://www.chemnitz.de/chemnitz/de/wirtschaft_und_wissenschaft/technologie_und_forschung/smart_system_campus.asp)

## **Kostnaður**

Áætlað heildarverð er um 135 þúsund krónur, miðað við tveggja manna herbergi og um 180 þúsund fyrir eins manns herbergi. Innifalið: Flug, rútuferðir, gisting með morgunverði og skoðunarferðir. Skoðunarferð sunnudags er ekki innifalin.

## **Skráning í ferðina.**

Skráning í ferðina fer fram á skrifstofu VFÍ/TFÍ /SV Engjateigi 9 frá kl. 9.00 – 16.00, í síma 535 9300 einnig er hægt að senda skráningu á netfangið: [skrifstofa@verktaekni.is](mailto:skrifstofa@verktaekni.is).

Berist fleiri en 60 skráningar fyrstu dagana verður forgangsraðað í ferðina að teknu tilliti til þátttöku í fyrri Rýnisferðum. Makar eru velkomnir með í ferðina.

**Greiða skal 15.000 króna staðfestingargjald á mann við skráningu inn á reikning TFÍ 0334-26-51040, kt. 660269-4609.**

**Sjóðfélagar í vísinda- og starfsmenntunarsjóðum KTFÍ og SV geta sótt um styrk til ferðarinnar hjá viðkomandi félagi.**

*Ferðanefnd:*

*Jóhannes Benediktsson*

*Hreinn Ólafsson*

*Logi Kristjánsson*

